

## **Kæru íbúar Reykhólahrepps – 8.4.2020**



Nú hefur verið ákveðið að framlengja samkomubannið í landinu til 4. Maí næstkomandi. Þær takmarkanir á samkomum og skólahaldi sem áttu að falla úr gildi í apríl halda því áfram. Við viljum minna fólk á að “ferðast innanhúss” um páskana. Allir hafi hugfast að halda áfram að gæta hreinlætis, geyma ferðalög og ekki taka á móti gestum frá öðrum svæðum. Þrátt fyrir þetta viljum við halda áfram að minna ykkur á að stunda útiveru og njóta í faðmi fjölskyldunnar.

Við viljum nota tækifærið og hrósa öllu starfsfólki sveitarfélagsins í leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, mötuneyti, tómstundastarfi, Barmahlíð, áhaldahúsi, á skrifstofu og skólabílstjórum fyrir sveigjanleika undanfarnar vikur. Ljóst er að við þurfum að halda áfram að vera sveigjanleg og viðbúin í allskonar verkefni á næstu misserum.

Skemmtilegt er að segja frá því að framkvæmdir við búningaklefa í Grettislaug og eldhúsi mötuneytis í Reykhólaskóla eru í fullum gangi. Starfsmenn hafa verið duglegir við að taka myndir af framkvæmdum og reglulega mun koma frétt þess efnis á Reykhólavefnum.

Þá er rétt að minna á að Hólabúð hefur verið að bjóða upp á heimsendingu á vörum til íbúa sveitarfélagsins. Þjónustan er í upphafi ætluð fyrir þá sem eru í áhættuhópi, sóttkví eða glíma við veikindi. Ása og Reynir svara öllum nánari fyrirspurnum varðandi greiðslur og fyrirkomulag í síma 434-7890.

Komi upp grunur um smit skal hafa samband við heilsugæsluna í Búðardal á opnunartíma, á milli 9-12 og 13-16, í síma 432-1450 og fá samband við hjúkrunarfræðing eða fá símatíma hjá lækni. Alls ekki koma á heilsugæsluna sé grunur um smit. Utan opnunartíma skal hringja í 1700.

Við viljum benda á að hægt er að finna ýmsar upplýsingar á eftirfarandi vefsíðum: [www.covid.is](http://www.covid.is) [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)

Ef um neyðartilfelli ræðir hafið samband við 112.

Þá viljum við biðja íbúa að fylgjast vel með tilkynningum frá sveitarfélaginu á [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is) því fyrirkomulag getur breyst dag frá degi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps